

1. apríl 2019

## Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna um tímabundnar göngugötur 2019

Í samræmi við tillögu um áfangaskiptingu undirbúnings þess að gera hluta Laugavegar að varanlegri göngugötu, dags. 1. apríl, er lagt til að eftirfarandi götur verði göngugötur á tímabilinu frá 1. maí 2019 til 1. október 2019. Útfærsla tímabundinna göngugatna verði tekin til endurskoðunar á tímabilinu þegar tillögur að forhönnun og deiliskipulagsbreytingum liggja fyrir.

- **Laugavegur og Bankastræti** frá Klapparstíg að Þingholtsstræti.
- **Skólavörðustígur** milli Bergstaðastrætis og Laugavegar.
- **Pósthússtræti** milli Kirkjustrætis og Hafnarstrætis
- **Austurstræti** ásamt Veltusundi og Vallarstræti.

Göturarnar verða opnar fyrir vöruafgreiðslu kl. 07.00 til 11.00 virka daga og kl. 08.00 til 11.00 á laugardögum á tímabilinu. Önnur umferð ökutækja er óheimil á svæðinu á göngugötutímabilinu.

